

Stofnsamningur fyrir byggðasamlagið "Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs."

1. Eftirtalin sveitarfélög samþykkja að gerast aðilar að Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., og taka jafnframt ábyrgð á rekstri þess í hlutfalli við íbúafjölda:

Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Ásahreppur

2. Stofnkostnaður Byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda.

4. Byggingar og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs. annast verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa eins og þau eru skilgreind lögum og í samræmi við reglur aðildarsveitarfélaganna og samkvæmt ákvörðunum byggingarnefndar Rangárþings, skipulagnefndar Rangárþings og sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Tekjur fær samlagið af byggingarleyfisgjöldum og framlögum frá aðildarsveitarfélögum. Framlög sveitarfélaganna greiðast samkvæmt áætlun um rekstrarkostnað sem kynnt skal fyrir sveitarstjórnunum í október á hverju ári.

Skipting kostnaðar miðast við áætlaðan tímafjölda sem unninn er pr. sveitarfélag, byggt á tímaskýrslum starfsmanna embættisins. Skipting framlaga verður endurskoðuð eftir rekstrarárið 2007.



Annarra tekna aflar samlagið með þjónustu við önnur sveitarfélög ef gerðir verða samningar um það. Skulu þær tekjur ákvarðast í samræmi við gjaldskrá, sem ákveðin er á aðalfundi hvers árs eða samkvæmt samningum sem gerðir verða.


5. Sveitarfélög sem verða aðilar eftir 1. apríl 2007, kaupa sér eignaraðild í samræmi við íbúafjölda með stofnframlagi sem ákveðst sem hlutfall af stofnkostnaði framreiknuðu m.v. byggingavísitölu.

6. Stjórn Byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., er heimilt að leita eftir lánsfé fyrir stofnkostnaði og rekstri ef þörf er á. Aðildarsveitarfélög munu veita byggðasamlaginu aðstoð við lánsfjárútvægum með ábyrgð á skuldbindingum þess.

7. Fulltrúar eftirtalinna sveitarfélaga undirrita stofnsamning þennan á stofnfundi Byggingar og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., sem haldinn er á Hvolsvelli, miðvikudaginn 21. febrúar 2007.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnanna:



Samþykktir fyrir byggðasamlagið "Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs."

1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs. Starfsstöð embættisins er á Hvolsvelli.

2. gr.

Aðild að Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs. eiga sveitarfélögin í Rangárvallasýslu sbr. stofnsamning. Önnur sveitarfélög verða aðilar eftir ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins hverju sinni.

Aðildarsveitarfélögin skipa sjö manna sameiginlega byggingarnefnd. Rangárþing eystra og Rangárþing ytra skipa hvort um sig þrjá aðalmenn í byggingarnefnd og þrjá til vara. Ásahreppur skipar einn aðalmann og einn til vara.

Aðildarsveitarfélögin skipa þriggja manna sameiginlega skipulagsnefnd, skipuð oddvitum sveitarfélaganna.

3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er: Að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins í Rangárvallasýslu og annarsstaðar eftir ákvörðun samlagsins og samningum. Ráðinn skal byggingar- og skipulagsfulltrúi til starfa sem sinnir verkefnum á vegum byggðasamlagsins samkvæmt ákvæðum starfslýsingar sem er fylgiskjal með þessum samþykktum.

4. gr.

Stjórn Byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs. skal skipuð þremur aðalmönnum tilnefndum af aðildarsveitarfélögunum og þremur til vara. Rangárþing eystra og Rangárþing ytra skipa sinn hvorn aðalmanninn í stjórn og önnur aðildarsveitarfélög einn aðalmann. Varamenn eru kosnir sérstaklega og geta verið frá hverju aðildarsveitarfélaganna sem er.

5. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí-mánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

6. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna eiga seturétt á aðal- og aukafundum samlagsins og fer einn frá hverri sveitarstjórn með atkvæðisrétt hennar í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaganna 1. desember ár hvert. Tilkynt skal í upphafi fundar um það hver sveitarstjórnarmannanna fari með atkvæðisréttinn.

7. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum samlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna bréflega með sama fyrirvara.

P. J. J.
De
68.

8. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og aukafunda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir að undanteknum ákvörðunum skv. 10. gr. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar eða formanns og ársreikningar.
2. Ákvörðun um gjaldskrá.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.
4. Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja til vara.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Önnur mál.

Aðalfund skal boða með dagskrá. Alla fundi, þ.m.t. aðalfund, skal boða með a.m.k. 7 daga fyrirvara með bréfi.

9. gr.

Hlutverk stjórnar er að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins að öðru leyti en því sem hún felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að annast fyrir sína hönd. Att er við rekstur á byggðasamlaginu, þ.e. laun, húsnæði, ferðakostnað og beinan rekstrarkostnað. Stjórninni er ekki ætlað að fjalla um einstök mál sem byggingar- og skipulagsfulltrúi fær til afgreiðslu og afgreiðir samkvæmt settum reglum hvers sveitarfélags og í samráði við og samkvæmt ákvörðun sameiginlegrar byggingarnefndar aðildarsveitarfélaganna, sameiginlegar skipulagsnefndar aðildarsveitarfélaganna eða sveitarstjórna.

10. gr.

Til að slíta samlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda í því á löglega boðuðum fundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/eða skuldir til eignaraðila.

11. gr.

Samþykktir þessar öðlast gildi á stofnfundi samlagsins þann 21. febrúar 2007.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnanna:

